

L Ö G

um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Greiða skal eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum, sem eru í Alpýðusambandi Íslands, eftir því, sem lög þessi ákveða.

Fé til greiðslu eftirlauna þessara greiðist að $\frac{3}{4}$ hlutum úr atvinnuleysisstryggingasjóði og að $\frac{1}{4}$ hluta úr ríkissjóði.

2. gr.

Rétt til eftirlauna eiga þeir, sem fullnægja öllum eftirtöldum skilyrðum:

- eru orðnir 55 ára 31. desember 1969.
- hafa náð 70 ára aldri og látið af störfum. Nú tekur maður, sem látið hefur af störfum, upp störf að nýju, og fellur þá niður réttur hans til eftirlauna, á meðan hann heldur áfram störfum. Slík niðurfelling skal reiknuð í heilum mánuðum fyrir hvert almanaksár um sig, en broti úr mánuði sleppt.
- voru í starfi í árslok 1967, sem verið hefði tryggingarskylt samkvæmt samkomulagi atvinnurekenda og Alpýðusambands Íslands frá 19. maí 1969, ef samkomulagið hefði öðlazzt gildi 1. janúar 1955.
- hafa áunnið sér réttindatíma samkvæmt 4. gr., sbr. 6. gr.

3. gr.

Falli félagi frá eftir 31. desember 1969, sem áunnið hefur sér a. m. k. 5 ára réttindi, skal eftirlifandi maki hans eiga rétt til eftirlauna samkvæmt 6. grein.

4. gr.

Til réttindatíma félaga skal einungis reikna þann tíma frá og með árinu 1955, sem hann hefur verið að störfum, sem verið hefðu tryggingarskyld, sbr. 2. gr. c, svo og aðeins þann tíma, sem hann hefur verið fullgildur félagi stéttarfélags, sbr. 1. gr. Haldi maður áfram störfum eftir 70 ára aldur, reiknast einnig til réttindatíma hans sá tími, sem hann hefur verið að störfum eftir sjötugt, þó eigi fram yfir 75 ára aldur.

Til réttindatíma telst ekki sá tími, sem maður er að störfum, sem tekið hefur upp störf að nýju eftir að hafa hafið töku eftirlauna. Við úrskurðun makalífeyris skal þó taka tillit til þess tíma fram til 75 ára aldurs hins látna, sem lífeyrir hefur verið felldur niður samkvæmt b-lið 2. gr., og á sama hátt skal réttindatími félaga reiknaður á ný, er hann nær 75 ára aldri.

5. gr.

Fjárhæð eftirlauna miðast við réttindatíma samkvæmt 4. gr., sbr. 6. gr., og meðallaun félagans.

Þegar meðallaun hans eru reiknuð, skal miða við laun, sem iðgjöld hefði átt að greiða af samkvæmt 3. málsg. 10. gr. samkomulags atvinnurekenda og Alpýðusambands Íslands frá 19. maí 1969, samkvæmt skattframtali síðustu fimm

almanaksárin áður en hann lét af störfum, en þó skal aldrei miða við hærri árslaun en þau, sem greiða hefði átt iðgjöld af samkvæmt nefndu ákvæði.

6. gr.

Eftirlaun skulu vera eftirfarandi hundraðshluti meðallauna samkvæmt 5. gr.:

Réttindatími	Eftirlaun félaga	Eftirlaun til eftirlifandi maka
5 ár	—	10%
6 —	—	11%
7 —	—	12%
8 —	—	13%
9 —	—	14%
10 —	12.5%	15%
11 —	14.0%	16%
12 —	15.5%	17%
13 —	17.0%	18%
14 —	18.5%	19%
15 —	20.0%	20%
16 —	22.0%	21%
17 —	24.0%	22%
18 —	26.0%	23%
19 —	28.0%	24%
20 —	30.0%	25%

Skemmri réttindatími en 10 ár veitir sjóðfélaga sjálfum ekki rétt til eftirlauna.

Greiðslur úr lífeyrissjóðum koma til frádráttar greiðslum samkvæmt grein þessari. Hafi hlutaðeigandi eftir 19. maí 1969 gengið úr lífeyrissjóði og afsalað sér réttindum sínum þar, skal sá lífeyrir, sem hann ella hefði átt rétt á úr sjóðnum, dragast frá á sama hátt. Sé um að ræða lífeyrissjóð, sem stofnaður er eftir gildistöku laga þessara, skal frádráttur ekki vera lægri en hann mundi vera samkvæmt þeim reglum, er tíðkast hjá lífeyrissjóðum stéttarfélaga, sem starfræktir voru fyrir gildistöku laganna.

7. gr.

Greiðslur eftirlauna hefjast frá 1. janúar 1970 til þeirra, sem þá eiga rétt til þeirra samkvæmt 2. gr., og til þeirra, sem síðar öðlast rétt til þeirra, frá 1. næsta mánaðar, eftir að þeir öðluðust réttinn.

Eftirlaun greiðast eftir á fyrir hvert greiðslutímabil, er hlutaðeigandi sjóðstjórn ákveður. Þó skal eigi greitt oftar en mánaðarlega og eigi sjaldnar en ársfjórðungslega.

8. gr.

Stjórnir hlutaðeigandi lífeyrissjóða úrskurða eftirlaun og annast greiðslur þeirra. Eigi hlutaðeigandi eftirlaunaþegi ekki lífeyrisrétt í neinum lífeyrissjóði, skal stjórn lífeyrissjóðs stéttarfélags hans úrskurða eftirlaunin og greiða þau.

9. gr.

Félagsmálaráðherra skipar þrjá menn í nefnd, einn samkvæmt tilnefningu Alþýðusambands Íslands, einn samkvæmt tilnefningu Vinnuveitendasambands Íslands og einn án tilnefningar, og sé hann formaður nefndarinnar. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

Nefndin hefur yfirumsjón með úthlutun eftirlauna og úthlutar stjórnnum lífeyrissjóða, sbr. 8. gr., fé því, sem þarf til greiðslu eftirlaunanna. Hún úrskurðar og um ágreining, sem upp kann að koma um úrskurðun og greiðslu eftirlauna.

Kostnaði við störf nefndarinnar skal skipt milli atvinnuleysistryggingasjóðs og ríkissjóðs á sama hátt og bótagreiðslum, sbr. 1. gr. Reikningar yfir slíkan kostnað skulu samþykktir af forsætisráðherra.

10. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara að fengnum tillögum nefndar þeirrar, sem um ræðir í 9. gr. Í slíkri reglugerð skal m. a. ákveða, hvernig meta skuli til frádráttar samkvæmt 2. málsg. 6. gr. innstæður hlutaðeigandi í lífeyrissjóðum með séreignaskipulagi. Enn fremur skal þar heimilt að ákveða, að lífeyrir úr lífeyrissjóði komi ekki að fullu til frádráttar eftirlaunum samkvæmt lögum þessum, sbr. 6. gr., ef um er að ræða sjóði, sem greiða hærri lífeyri fyrir stuttan starfstíma en hingað til hefur tíðkast hjá lífeyrissjóðum stéttarfélag, eða krefjast iðgjalda af launum umfram þau, sem greiða hefði átt iðgjöld af samkvæmt ákvæðum þeim, sem nefnd eru í 2. málsg. 5. gr.

11. gr.

Eftirlaunagreiðslur samkvæmt lögum þessum falla niður eigi síðar en 1. janúar 1985.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, en eftirlaun samkvæmt lögum þessum greiðast frá 1. jan. 1970.

Ákvæði til bráðabirgða.

Stjórnir stéttarféлага, sem lög þessi taka til, skulu senda nefnd þeirri, sem um ræðir í 9. gr., skrá yfir þá fullgilda féлага, sem voru í stéttarfélögum þeirra hinn 31. des. 1967 og fæddir eru á árinu 1914 eða fyrr. Skrár þessar skulu afhentar nefndinni fyrir lok febrúarmánaðar 1970.

Gert er ráð fyrir, að endurskoðun fari fram á lögum þessum eftir nokkra byrjunarreynslu af lögunum, ef aðilar samkomulagsins frá 19. maí 1969 eru sammála um, að það sé æskilegt vegna framkvæmdar laganna.

Gjört í Reykjavík, 3. apríl 1970.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Eggert G. Þorsteinsson.